

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi), 12. mál.**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni atvinnuveganefndar frá 9. nóvember sl. um umsögn um ofangreint mál á þingskjali 12.

Málið er lagt fram á þingi fjórða sinni, óbreytt. Ekki verður séð að neitt hafi komið fram frá framlagningu málsins á síðasta þingi sem breytir forsendum. Bréf Eftirlitsstofnunar EFTA, sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins, inniheldur enga tillögu um að banna blóðmerahald heldur eingöngu að færa starfsemina undir annað regluverk.

FA vísar því til umsagnar sinnar um málið á 153. löggjafarþingi (53. mál), sem er í fylgiskjali, og ítrekar þau sjónarmið sem þar koma fram.

Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: Umsögn FA um 53. mál á 153. löggjafarþingi

Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi), 53. mál**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar, dags. 2. nóvember sl., um ofangreint mál á þingskjali 53. Málið var einnig flutt á síðustu tveimur þingum (543. mál á 151. löggjafarþingi og 15. mál á 152. löggjafarþingi) og vísar félagið til fyrri umsagna sinna, dags. 30. marz 2021 og 17. janúar 2022.

Hér er enn á ný lagt til að bannað verði að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því hormón til lyfjagerðar eða nokkra aðra vöru. Á nýjan leik eru settar fram órókstuttar alhæfingar um að við blóðtöku sæti „fylfullar merar mismiklu og misgrófu ofbeldi“ og þær ályktanir dregnar af tveimur tilvikum sem sýnd voru í svissneskri heimildarmynd að „ætla megi að slíkt harðræði tíðkist almennt við blóðtökuna hér á landi.“

Eins og FA hefur áður bent á, er strangari rammi reglna og eftirlits um blóðmerahald og blóðtöku úr hryssum en um flesta aðra hagnýtingu dýra í landbúnaði. Ísteka ehf., sem er eini vinnsluaðili og útflytjandi lyfjaefna úr merablóði, gerir sömuleiðis strangari kröfur til samstarfsaðila sinna en nokkur annar kaupandi dýraafurða. Eftirlit kemur ekki í veg fyrir frávik frá reglum um dýravelferð eins og sýnd voru í áðurnefndri heimildarmynd, en hindrar að þau séu látin óátalin eða að þau endurtaki sig án afleiðinga.

Eftir að áðurnefnd heimildarmynd var sýnd hafa bæði Ísteka og stjórnvöld brugðizt við með ýmsum hætti. Fyrirtækið sagði upp samningum við hrossabýlin sem áttu í hlut og hefur hrint í framkvæmd ýtarlegri umbótaáætlun til að koma í veg fyrir að tilvik eins og þau sem sýnd voru í myndinni geti endurtekið sig. Matvælastofnun (MAST) tók málið til rannsóknar. Þá var skipaður starfshópur á vegum þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem fjallaði um starfsemina, regluverk og eftirlit í kringum hana og skilaði ráðherra tillögum um úrbætur.

Á grundvelli þeirra tillagna setti matvælaráðherra reglugerð nr. 900/2022, en þar er bætt úr því sem starfshópurinn taldi óljósa lagalega umgjörð starfseminnar. Með reglugerðinni eru þannig sett þau skilyrði að blóðmerahald sé ekki leyfilegt nema að undangenginni tilkynningu til MAST og að blóðtaka úr fylfullum hryssum sé eingöngu heimil að fengnu sérstöku leyfi stofnunarinnar. Leyfið er takmarkað við starfsstöðvar, sem hafa tilkynnt blóðmerahald og verið teknar út af MAST. Í reglugerðinni eru sett ýtarleg ákvæði um skyldur leyfishafa til blóðtöku og um almennar kröfur til blóðtöku úr fylfullum hryssum. Þá eru í henni ákvæði um ábyrgðarkeðju, þ.e. þá ábyrgð sem umráðamaður hrossahalds, leyfishafi og dýralæknir bera varðandi velferð hryssnanna og afkvæma

þeirra. Reglugerðin gildir í þrjú ár og verður sá tími nýttur til nánari rannsókna á starfseminni, m.a. blóðbúskap hryssnanna.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem FA hefur aflað sér hefur verið unnið eftir ákvæðum reglugerðarinnar allt frá gildistöku hennar þrátt fyrir að enginn aðlögunartími væri gefinn, andstætt því sem yfirleitt gildir um breytingar á aðbúnaðarreglum í öðrum búgreinum. Matvælastofnun sendi dýravelferðareftirlitsmenn á hvern einasta blóðtökubæ á vegum Ísteka síðastliðið sumar, en undanfarin ár hefur stofnunin heimsótt 30-50% býlanna árlega. Athugasemdir voru fáar og í nær öllum tilfellum léttvægar. Dýravelferðareftirlit Ísteka var jafnframt eflt til muna auk þess sem erlendir kaupendur afurða Ísteka eyddu á þriðju viku við velferðareftirlit síðastliðið sumar. Í þeim tilvikum sem frávik sáust, var þegar í stað gripið til ráðstafana til að bregðast við þeim.

Í greinargerð frumvarpsins segja flutningsmenn: „*Flutningsmenn þessa frumvarps telja að sú reglugerð [nr. 900/2022] dugi ekki til að tryggja velferð fullra mera og afkvæma þeirra. Stjórnvöld hafa sýnt það í verki að þau geta ekki tryggt velferð meranna með eftirliti sínu [svo] og því er nauðsynlegt að banna þessa starfsemi með öllu.*“

Þessari ályktun flutningsmanna fylgir ekki snefill af rökstuðningi, eins og mætti þó telja eðlilegt þegar um er að ræða tillögu um jafnumfangsmikið inngrip í atvinnufrelsi og eignarrétt og hér um ræðir.

Afstaða Félags atvinnurekenda er óbreytt. Að sjálfsögðu á að gæta vel að dýravelferð í allri landbúnaðarstarfsemi. Það væri hins vegar jafnfráleitt að banna heila búgrein vegna tveggja atvika sem sýnd voru í margumræddri heimildarmynd og að banna t.d. kúa- eða sauðfjárbúskap, eggjabúskap eða svínarækt, vegna afmarkaðra tilvika á einstökum bæjum þar sem farið er illa með dýr.

FA ítrekar þá afstöðu sína að slík afstaða löggjafans væri langt utan marka alls meðalhófs og færi í bága við bæði 72. grein stjórnarskrárinnar, um vernd eignarréttarins, og 75. grein hennar, um atvinnufrelsi.

Félagið leggst því eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA